

Félagsmálaráðuneytið

Stöðuskýrsla nr. 15 til ráðgefandi aðila

Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19

Dagsetning: 28.5.2021

Efni: Stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

Félagsmálaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga komu á fót teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins þann 26. maí 2020 sem ætlað er að miðla og safna upplýsingum um stöðu félags- og atvinnumála á landsvísi og fylgja eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar er það varðar.

Uppbyggingarteymið fundar að jafnaði aðra hverja viku og gefur út stöðuskýrslur í kjölfar þeirra sem dreift er til hlutaðeigandi og ráðgefandi aðila. Tekið er við ábendingum, beiðnum og fyrirspurnum tengdum félags- og atvinnumálum á netfangið, vidbragd@fm.is.

Í stöðuskýrslu fimmtán er fjallað um stöðuna á helstu átaksverkefnum auk þess sem leitað var mats félagasamtaka á stöðunni í faraldrinum. Tölfræði um barnavernd kom út í maí og er gerð stutt skil í stöðuskýrslunni.


Áhugavert í fimmtánu stöðuskýrslu

- Alls hafa verið skráð um **8.200 störf** og gerðir hafa verið um **2.200 ráðningarsamningar** í tengslum við átaksverkefnið **Hefjum störf** frá því það fór af stað um miðjan marsmánuð.
- Þann 11. maí var opnað fyrir umsóknir um tímabundin sumarstörf fyrir námsmenn og hafa nú um **5.800 umsóknir** borist frá um **1.200 námsmönnum**. Alls var gert ráð fyrir 2.500 störfum í áttakinu.
- Alls fengu **52 sveitarfélög, með 45.563 íbúum eldri en 67 ára**, styrk til viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna fyrir sumarið 2021. Heildarupphæðin til sveitarfélaga nam um 78 m.kr.
- Alls fengu **42 sveitarfélög, með 21.875 börnum á aldrinum 12-16 ára**, styrk til viðbótarverkefna í félagsstarfi fyrir börn í viðkvæmri stöðu fyrir sumarið 2021. Heildarupphæðin til sveitarfélaga nam tæpum 90 m.kr.
- Félagasamtök meta stöðu sinna skjólstaðinga afar mismunandi og segja áhrif afléttinga sóttvarnaaðgerða og aukinna bólusetninga hafa ólík áhrif á mismunandi hópa. Að þeirra mati er áfram þörf á að huga sérstaklega að viðkvæmum hópum og áhrifum þeim sem breytingarnar kunna að hafa á ákveðna hópa umfram aðra.
- Tilkynningum til barnaverndar **hefur fjölgað** á tímum samkomutakmarkana vegna COVID-19 í samanburði við sömu tímabil fyrri ára, samkvæmt upplýsingum frá Barnaverndarstofu.

Hefjum störf - Staðan

Nú þegar tæpir þrjú mánuðir eru liðnir frá því átakið fór af stað hafa verið gerðir um **2.200 ráðningarsamningar** undir merkjum **Hefjum störf**.

Markmiðið var að búa til 7.000 störf, þar af 2.500 sumarstörf fyrir námsmenn. Alls hafa verið skráð um **8.200 störf** undir merkjum átaksins **Hefjum störf** frá því verkefnið fór af stað í marsmánuði og til dagsins í dag. Þrátt fyrir að vel hafi gengið að ráða í störf og að viðbrögðin hafi verið góð þá hefur illa gengið að ráða atvinnuleitendur sem hafa verið án atvinnu í 24 mánuði og lengur. Alls hafa verið gerðir tuttugu ráðningasamningar, undir merkjum átaksins, þar sem ráðnir hafa verið einstaklingar sem hafa verið án atvinnu í meira en 24 mánuði. Í sumum tilfellum hefur gengið illa að finna atvinnuleitendur með þá hæfni sem óskað er eftir og þá ráða sveitarfélög og opinberir aðilar einstaklinga sem hafa verið skemur án atvinnu.



Ef litið er til þjóðernis þeirra sem fengið hafa ráðningu í gegnum átakið þá eru um 56% Íslendingar og 44% af öðru þjóðerni. Fólk af öðru þjóðerni er um 40% af heildarfjölda atvinnuleitenda svo ljóst er að átakið er að nýtast þeim hópi jafnt sem Íslendingum. Um 57% ráðninga eru vegna karla á meðan 43% ráðninga eru vegna kvenna. Það er í svipuðu hlutfalli við heildarfjölda atvinnuleitenda. Um helmingur ráðninga eru af höfuðborgarsvæðinu.

[Hér má nálgast mælaborð Vinnumálastofnunar um Hefjum störf sem uppfært er daglega.](#)

Sumarstörf námsmanna árið 2021 - Staðan

Opnað var fyrir umsóknir um sumarstörf námsmanna þriðjudaginn 11. maí á vef Vinnumálastofnunar.

Skilyrði fyrir þátttöku eru að námsmenn séu 18 ára á árinu eða eldri og hafi verið í námi á vorönn 2021 eða ætli í nám á n.k. haustönn.

Ekki liggur fyrir fjöldi ráðninga í gegnum átakið en alls fóru 2.500 störf til auglýsingar hjá opinberum stofnunum, sveitarfélögum og félagasamtökum. Borist hafa um 5.800 umsóknir frá um 1.200 námsmönnum. Opið er fyrir umsóknir.

Félagsstarf í sumar - Staðan

Félagsstarf fullorðinna

Sveitarfélögum var gefinn kostur á að sækja um fjárframlag vegna sérstakra viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna fyrir sumarið 2021. Alls sóttu 52 sveitarfélög með **45.563 íbúum eldri en 67 ára** um styrk og fengu þau alls tæpar 78 m.kr. Lágmarksframlag til hvers sveitarfélags var 100.000 kr. Alls voru það 17 sveitarfélög með 1.413 íbúum eldri en 67 ára sem af einhverjum ástæðum sóttu ekki um styrk vegna slíkra viðbótarverkefna sumarið 2021.

Félagsstarf barna/ungmenna í viðkvæmri stöðu

Ákveðið var að veita allt að 90 m.kr. til að efla virkni, vellíðan og félagsfærni barna 12-16 ára í viðkvæmri stöðu árið 2021 vegna áhrifa COVID-19. Stutt verður við sveitarfélög sem vegna COVID-19, hyggjast auka við starfsemi og þjónustu í félagsstarfi barna í viðkvæmri stöðu umfram hefðbundið starf. Frestur sveitarfélaganna til að sækja um styrk rann út **21. apríl** og alls bárust umsóknir frá **42 sveitarfélögum með 21.875 börnum á aldrinum 12-16 ára**. Öll sveitarfélög sem sóttu um styrk uppfylltu skilyrðin og því voru það alls 27 sveitarfélög með 1.417 börnum á aldrinum 12-16 ára sem af einhverjum ástæðum sóttu ekki um styrk vegna aukinna verkefna sumarið 2021.

Mat félagasamtaka á stöðunni

Samræmdur spurningalisti var sendur til 26 félagasamtaka þann 20. maí sl. þar sem þau voru spurð tveggja spurninga auk þess sem gefinn var kostur á að koma á framfæri skilaboðum að eigin vali. Spurt var um mat á stöðu hópanna sem til þeirra leita nú þegar bólusetningar væru komnar vel á veg og frekari afléttingar sóttvarnaaðgerða væru í kortunum og hins vegar var spurt hvort til staðar væru sérstakir hópar skjólstaðinga sem þau teldu í sérstaklega viðkvæmri stöðu á þessum tímamarki í faraldrinum.

Alls bárust svör frá tólf félagasamtökum sem gefa góða mynd af áhrifum breyttrar stöðu faraldursins í þjóðfélaginu. Ljóst er að staða fólks er ólík og upplifun af auknu frelsi sem fylgir bólusetningum og afléttingum sóttvarnaaðgerða hefur mismunandi áhrif á hópa. **Rauði krossinn, Hlutverkasetur og Hjálparstarf kirkjunnar** segjast merkja ákveðinn létti og að fólk sé fúst að draga úr einangrun og hitta annað fólk á nýjan leik sem er jákvætt. Í svörum félagasamtaka á borð við **Grófina** og **Hjálpræðisherinn** kemur á hinn bóginn fram að hópurinn sé viðkvæmur og að það sé ákveðinn þungi sem felist í ótta við veiruna sökum þess að ennþá sé verið að bíða eftir bólusetningu. Áhugaverð voru svör **Umhyggju, félags langveikra barna** en þar gætir töluverðra áhyggja vegna afléttinga sóttvarnaaðgerða í ljósi þess að langveik börn eru berskjölduð gagnvart veirunni en nánustu fjölskyldumeðlimir þeirra fá bólusetningu í þessari viku. Ljóst er því að einangrun þessa hóps verður viðvarandi eitthvað áfram. Samkvæmt **Fjölskylduhjálpi Íslands** er erfitt að meta stöðuna þar sem skjólstaðingahópur þeirra er fjölbreyttur. Þau segja ástandið slæmt í augnablikinu þar sem fjöldinn sem leitar hjálpar sé mikill og fólk af erlendu bergi sem hafi dvalarleyfi og tímabundin dvalarleyfi leiti í auknum mæli til þeirra.

Hvað varðar mat félagasamtaka á því hvaða hópar skjólstaðinga það séu sem huga þurfi sérstaklega að núna þegar þjóðfélagið er að brjótast út úr tímabili heimsfaraldurs þá bendir **Rauði krossinn** á það að huga þurfi sérstaklega að langtímaáhrifum faraldursins á vellíðan ýmissa hópa sem séu nú þegar í viðkvæmri stöðu m.a. innflytjenda og fólks með veikt stuðningsnet. **Hjálparsími Rauða krossins** merkir 21% aukningu samtala vegna heimilisofbeldis og 65% aukningu samtala vegna eigin vímuefnaneyslu á milli ára. Flest félagasamtök nefna einnig hóp fólks með undirliggjandi geðheilbrigðisvanda sem dottið hefur úr virkni og rútinu í faraldrinum sem sérstaklega viðkvæman hóp sem huga þurfi að nú þegar samfélagið fer af stað á nýjan leik. **ADHD samtökin** nefna að sínir skjólstaðingar hafi margir hverjir flosnað upp úr námi og þurfi sérstakan stuðning sem ekki hafi verið í boði í heimsfaraldrinum. **Hjálparstarf kirkjunnar** og **Hjálpræðisherinn** nefna bæði innflytjendur


og þá sem nýlega hafi fengið stöðu flóttafólks sem sérlega viðkvæman hóp sem huga þurfi að á þessum tímabili. **Hugarafi** segir yngsta aldurshópin 18-30 ára hafa átt erfiðast með samkomutakmarkanir sem hafi dregið verulega úr félagslegum tengslum.

Félagasamtökin leggja flest upp með að faraldur eins og COVID-19 hafi langvarandi félagslegar afleiðingar og að mikilvægt sé að úrræði og inngrip taki áfram mið af því.

Barnavernd

Barnaverndarstofa hefur borið saman fjölda tilkynninga fyrir og eftir COVID-19 heimsfaraldur og miðar við 1. mars 2020 sem vendipunkt. Til grundvallar samanburði liggur því annars vegar tímabilið 1. mars 2019 til 29. febrúar 2020 og hins vegar tímabilið 1. mars 2020- 28. febrúar 2021. Stuðst er við bráðabirgðatölur sem berast mánaðarlega frá barnaverndarnefndum.

Sveiflum í tilkynningum eftir skilgreindan vendipunkt hefur að mörgu leyti svipað til tilkynninga fyrri ára þar sem fleiri tilkynningar berast almennt yfir veturinn heldur en yfir sumarmánuðina og oft má greina fjölgun tilkynninga eftir jól. Hins vegar fjölgaði tilkynningum eftir 1. mars 2020 og er sú fjölgun umfram það sem mætti búast við, sé miðað við meðalaukningu tilkynninga síðustu ára. Hér skal áréttað að fleiri en ein tilkynning getur borist vegna hvers barns.



Mynd 1: Heildarfjöldi tilkynninga yfir 12 mánaða tímabil, frá upphafi marsmánaðar til lok febrúar

Tilkynningar vegna ofbeldis og vanrækslu

Tilkynningum um vanrækslu fjölgaði um 19,2% eftir skilgreindan vendipunkt sé miðað við fyrra tímabil og er það umfram þá aukningu sem búast hefði mátt við, sé miðað við árin á undan, en samanborið við tímabilið 1. mars 2015 - 29. febrúar 2020 hefði mátt búast aukningu um 10-11% á milli ára.

Híð sama á við um tilkynningar vegna ofbeldis þar sem fjölgunin var 23% eftir upphaf faraldurs sé miðað við 12 mánuði þar á undan. Ef litið er til þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað síðustu ár hefði mátt búast við aukningu upp á allt að 9-10% og er því raunaukning langt umfram það sem búast hefði mátt við.

Heilsu eða lífi ófæddis barns er stefnt í hættu

Á tímabilinu 1. mars 2019 til 29. febrúar 2020 bárust alls 88 tilkynningar þar sem óttast var um að heilsa eða líf ófæddis barns væri í hættu en á næsta 12 mánaða tímabili, frá 1. mars 2020 til 28. febrúar 2021 voru tilkynningarnar 148. Hafa ber í huga að tilkynningar þar sem óttast er um heilsu eða líf ófæddis

barns eru almennt fáar og því er mikilvægt að líta yfir lengra tímabil til að átta sig á hvort um raunverulega aukningu er að ræða. Enn fremur barst mikill fjöldi tilkynninga frá einu sveitarfélagi á tveggja mánaða tímabili sem hefur áhrif á heildarfjölda tilkynninga